

Umhverfisnefnd.

Stikklað á stóru starfsárið 2013

Umhverfisnefnd hestamannafélagsins Spretts samanstendur af eftirfarandi félagsmönnum:

Óskar Páll Björnsson, **formaður**, Tryggvi Aðalbjarnarson, Rósa Ingibjörg Jónsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Kristín Njálsdóttir, Árni Björgvinsson, Ragnheiður Samúelsdóttir.

Umhverfisnefnd hefur haldið reglubundna fundi árið 2013 og hefur mæting nefndarmanna verið prýðileg.

Við höfum lagt höfuðáherslu á umgengni félagsmanna og hafa sumir þeirra fengið heimsókn frá nefndarmönnum þar sem bent hefur verið á það sem betur mætti fara. Þá höfum við bent bæjaryfirvöldum á atriði sem hafa þarfnast lagfæringar við og heyra undir skipulag á vegum bæjaryfirvalda.

Umhverfisdagur var skipulagður af nefndinni og haldinn í apríl og var mjög góð mæting almennra félagsmanna sem tóku til hendinni við almenna tiltekt og hreinsun á svæðinu.

Gámur fyrir plast var fenginn á félagssvæði Spretts.

Á fundi nefndarinnar 22. október 2013, var unninn listi yfir hluti sem við vildum sérstaklega beita okkur fyrir og hrinda í framkvæmd – sumt hefur þegar verið framkvæmt en annað ekki og er gert ráð fyrir að halda áfram á sömu braut árið 2014.

- Merkja reiðstíga betur (öll umferð bönnuð nema fyrir hross)
- Brunnar sem standa upp úr reiðvegum verði lækkaðir (búið að lækka)
- Grjót sem eru á reiðstígum fjarlægð (verður gert um leið og frost fer úr jörðu)
- Grunnuvatnaleið (verði gerð sem fyrst)
- Uppsetning á hringgerði sem er c.a 18 m í þvermál.
- Lýsing í tamningargerði og hringgerði.
- Kannaður verði möguleiki á því að bjóða upp á sumarreit hrossa fyrir barna og unglíngastarf á svæðinu.

Þann 7. nóvember 2013 var haldinn sérstakur fundur með reiðveganefnd og í framhaldi af honum fóru formenn nefndanna, Óskar og Halldór á fund við Kópavogsbæ í sambandi við að klára yfirlag í reiðvegi ofl.

f.h. Umhverfisnefndar

Óskar Páll Björnsson, formaður